


Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Ísafjörður 22. september 2021

Með bréfi Bryms hf. Vélsmiðju dags. 31. maí 2019 var sótt um lóð á Suðurtanga, Ísafirði, með aðgengi að hafnarbakka þar sem áætlað er að reisa uppítökumannvirki fyrir báta og nætur. Sótt var um tilgreinda lóð eftir fund með þáverandi byggingafulltrúa Ísafjarðar og varaformanni Skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar á grundvelli deiliskipulags hafnarsvæðisins sem lagt var fram á fundinum. Sótt var um lóðina sem fulltrúar Ísafjarðarbæjar tilgreindu sem hentuga lóð fyrir þá fyrirhuguðu starfsemi sem undirritaður fh. Bryms hf kynnti fundarmönnum. Jafnframt hefur verið upplýst að fjölmörg fyrirtæki sem hafa um áratuga skeið sinnt þjónustu við fyrirtæki í sjávarútvegi hefðu lýst yfir stuðningi við þá starfsemi, enda var gert ráð fyrir að ýmsir þjónustuaðilar myndu nýta sér aðstöðuna.

Í fundargerðum hafnarstjórnar frá 205. fundi hafnarstjórnar, sem haldin var þann 29. júlí 2019, og 208. fundi hafnarstjórnar, sem haldin var þann 6. desember 2019, kemur fram að hafnarstjóra hafi verið falið að kanna hvort möguleiki væri á að fyrirhuguð starfsemi Bryms hf. falli að heildaverki um stækkun hafnarinnar við Sundabakka.

Umsækjanda hefur ekki verið kynnt niðurstaða athugana hafnarstjóra Ísafjarðarhafna á því hvort uppítökumannvirki fyrir báta falli að heildarverki um stækkun hafnarinnar við Sundabakka.

Alla tíð hefur legið fyrir að hálfu Bryms hf. að fyrirhugað er að vera með bátalyftu sem tekur báta upp í rennu á hafnarkanti og flytja bátana á væntanlega lóð fyrirtækisins til þjónustu. Eðli bátalyftunnar hefur legið fyrir frá 31. maí 2019 og því alltaf verið ljóst að stærð tækisins er slíkt að óheimilt er að aka slíku tæki á skilgreindum umferðargötum og að öllum líkindum er heildarþyngd lyftu og báta umfram burðargetu nærliggjandi gatna.

Fulltrúar Bryms hf. Vélsmiðju hafa ítrekað kallað eftir niðurstöðu er varðar umsókn fyrirtækisins um lóð, en ekki enn fengið svar við umsókninni tæpum þremur árum síðar. Á fundi með starfsmönnum bygginga og skipulagssviðs má ráða að fulltrúar Ísafjarðarbæjar hafi blekkst umsækjanda með því að benda á lóðir á skipulagi sem Ísafjarðarbær hafi þá þegar breytt og sent inn til Skipulagsstofnunar.

Málsmeðferð Ísafjarðarbæjar er með þeim hætti að ekki verður við unað.

Brymur hf. Vélsmiðja afturkallar hér með umsókn félagsins frá 31. maí 2019.

Virðingarfyllst,

f.h. Bryms hf-vélsmiðju

Högni Gunnar Pétursson

Pétur P. Jónasson

Meðfylgjandi er stuðningsyfirlýsing fulltrúa þjónustufyrirtækja við lóðarumsókn Bryms hf.



PRYMUR HF. - Vélsmiðja

Suðurgata 9 400 Ísafjörður
Sími 456 3711 Fax 456 4701

Ísafirði 24.08.2020.

Stuðningsyfirlýsing.

Eftir talin fyrirtæki og einstaklingar lýsa ánægju með lóðarumsókn bryms hf. Á Suðurtang um að koma upp aðstöðu til að taka upp báta og þjónusta þá á loknu vinnusvæði, sem eigendur báta og öll önnur þjónustufyrirtæki hafa aðgang að til að þjónusta sína viðskiptamenn.

Réras ehf. Valm. Þicllta

Stráumur ehf. Þ. Þórsu

Ólafur Sævi

- Þóskaud ehf. Magnúskör

Vélsmitjan Kristar Kristinn Mar

Þróstur Maselliússon ehf. Haraldur